

ábyrgð. Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Halldór H. J. Guðmundsson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli, en þó ber honum að greiða allan af því löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. febrúarmán.

Nr. 20/1878:

Ritstjóri Jón Ólafsson
 gegn
 Eyjólfí Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 9. septembermán. f. á., hefur ritstjóri Jón Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu 1. maí f. á., í máli milli hans og Eyjólfss Þorsteinssonar á Stuðlum, með hverjum hann er dæmdur til að taka upp í blað sitt «Skuld» ekki seinna en í 2. tölublað þess, er út kæmi eptir birtingu dómsins, grein nokkra frá Eyjólfí Þorsteinssyni með yfirskript: «Sannleikur er sagna beztur», sem fram lögð hefur verið í málinu, að viðlagðri 1 krónu daglegri sekt. En fremur er honum með nefndum dómi gjört að skyldu að greiða 30 króna sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs og 20 kr. í málskostnað.

Mál þetta er þannig vaxið: Í 1. tölublaði «Skuld-

ar» 1878, er birtist 14. janúar það ár, er meðal annars grein ein, sem nefnd er «Leynileg fundarhöld». Segir hún, að föstudaginn 11. janúar sama ár hafi fundur verið haldinn að Hólmum undir forsæti stefnda Eyjólfs Þorsteinssonar, að fundur þessi hafi ekki verið opinberlega boðaður sveitarmönnum, að áfrýjandinn, ritstjóri «Skuldar», hafi heyrt, að þar hafi verið reynt að fá menn til að lofamt til að verzla við «Gránufjel.» sumarið 1878 meðákveðna vöruupphæð, en að árangurinn muni hafa orðið lítill eða enginn. Þótti stefnda þessari grein missegjast, og kveðst hann því hafa sent áfrýjanda leiðrjettingargrein þá, sem lögð hefur verið fram í málinu, og er fyrirsögn henuar: «Sannleikur er sagna beztur». En með því áfrýjandi hafi neitað sjer um að taka þessa grein í blaðið, krafðist hann þess fyrir undirrjetti — en fyrir yfirdómi hefur stefndi hvorki mætt nje mæta látið — að áfrýjandi yrði skyldaður til að taka til prentunar í blaðið «Skuld» áður nefnda leiðrjettingargrein sína, svo og til að greiða hæfilega sekt fyrir að hafa synjað honum um rjett hans, eins og líka allan málskostnað.

Á hinn bóginn hefur áfrýjandi haldið því fram, að hann hafi aldrei neitað stefnda um að taka í blað sitt nefnda grein, en að hann hafi neitað honum um að taka í blaðið aðra grein, er hann hafi sent sjer, og sem ekki hafi verið alveg samhljóða hinni; en jafnframt hefur hann tekið það fram, að hann ekki heldur mundi hafa tekið grein þá upp í blaðið, sem lögð er fram í málinu, með því hún sje þannig orðuð, að hún sje annað og meira en leiðrjetting. Hefur hann því krafizt að verða dæmdur sýkn af kærur og kröfum stefnda í þessu máli, og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undirrjettinum og yfirdómnum.

Áfrýjandinn hefur að vísu ekki viljað kannast við, að sú grein, sem þetta mál ræðir um, hafi nokkurn tíma borizt sjer, og að hann því ekki hafi getað neit- að stefnda um prentun á henni í blaði sínu «Skuld». En eins og stefndi með vitnaleiðslu hefur útvegað, að vísu ekki næga sönnun, en þó hinar sterkustu líkur til þess, að sú grein, sem hann sendi áfrýjanda, einmitt hafi verið orði til orðs samhljóða grein þeirri, sem lögð hefur verið fram í málinu, eins verður yfirdómurinn að álíta, að neitun áfrýjanda í þessu efni eptir atvikum ekki verði tekin til greina. Því það er hvorttveggja, að það, sem hann í þessu tilliti hefur borið, lýtur að því, að báðar greinirnar, sú, sem stefndi kveðst hafa sent honum, og sú, er áfrýjandi játar að hann hafi tekið við, hafi verið mjög svo líkar, enda hefur hann ekki, þótt á hann væri skorað, viljað eða getað tilgreint, að hverju leyti þær hafi verið ólíkar eða mismunandi.

Kemur því til álita, hvort að grein sú, sem lögð hefur verið fram í málinu, sje þannig löguð, að áfrýjandinn að lögum hafi verið skyldugur til að veita henni viðtöku í blað sitt, og verður yfirdómurinn í þessu efni að aðhyllast þá skoðun áfrýjanda, að það hafi ekki verið.

Tilskipun 9. maí 1855, 11. gr., sem veitir þeim, er æskir að leiðrjetta það, sem sagt er um hann í riti, rjett til að heimta, að leiðrjetting á því, sem ranghermt er, verði tekin upp í ritið, er þannig orðuð, að enginn vafi getur verið á því, að rjettur þessi ekki nær lengra en til þess að leiðrjetta missögnina, og sje lengra farið, þá hafi hann misst hann. Í 1. lið greinar þeirrar, sem hjer ræðir um, er að vísu fólgin leiðrjetting á greininni í «Skuld»: «Leynileg fundarhöld», en síðari hluti hennar er meðfram um allt annað efni

og hefur að geyma áreitniskennar ráðleggingar til «Skuldar» eða ritstjóra hennar.

Fyrir því verður yfirdómurinn að álíta, að grein þessi sje ekki þannig rituð, að stefndi eigi heimtingu á, að áfrýjandi taki hana í blað sitt «Skuld» sem leiðrjettingu á grein «Skuldar»: «Leynileg fundarhöld».

Verður því að dæma áfrýjanda sýknan af kærur og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi máls þessa, ritstjóri Jón Ólafsson, á að vera sýkn af kærur og kröfum hins stefnda, Eyjólfssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 17/1878:

Árni Jónsson, Magnús Benediktsson og Grímur Ólafsson
gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 20. ágúst f. á., hafa þeir Árni Jónsson og Magnús Benediktsson, bændur á Breiðholti, og Grímur Ólafsson, bóndi á Hólmi, áfrýjað dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 6. maímán. næst á undan, en með þeim dómi eru þeir dæmdir fyrir skemmdir á veiðivjelum kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum til að greiða hver um sig 50 króna sekt til landssjóðs, eða, ef sektirnar ekki eru greiddar í ákveðinn tíma, þá til að sæta fangelsi hver um sig í 15 daga; svo eru þeir og dæmdir til að gjalda nefndum kaupmanni í skaðabæt-